


Gróska – lífskraftur

Formennskuáætlun Íslendinga
í Norrænu ráðherranefndinni 2014



Gróska – lífskraftur

Formennskuáætlun Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni 2014

ISBN 978-92-893-2620-9

<http://dx.doi.org/10.6027/ANP2013-768>

ANP 2013:768

© Norræna ráðherranefndin 2013

Umbrot: Jette Koefoed

Ljósmyndir

Kápa: Einar Ólason

bls. 6, 12, 15, 18, 20: Image Select

bls. 16: Bee-Line

bls. 27: Sebastien Dehesdin

Upplag: 700

Leturgerð: Meta LF

Pappír: Munken Polar

Prentun: 07 Media a.s



Printed in Norway

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18

DK-1061 København K

Sími (+45) 3396 0200

www.norden.org

Gróska – lífskraftur

Formennskuáætlun Íslendinga
í Norrænu ráðherranefndinni 2014

Efnisyfirlit

- 4 Formáli
- 7 Gróska – lífskraftur
- 13 Norræn náttúruvitund
- 19 Tækifæri til sóknar
- 23 Þekking á nýjum tímum
- 26 Skapandi Norðurlönd
- 32 Velferð og þátttaka

Formáli

Gróska og lífskraftur er yfirskrift formennskuáætlunar Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni árið 2014.

Þessi hugtök eru grunngildin í þremur formennskuverkefnum Íslands.

Í *Norræna lífhagkerfinu* er leitað leiða til að nýta betur lifandi auðlindir okkar hvort sem þær er að finna í lofti, á láði eða í legi. Lífmassinn er vannýtt auðlind sem lífhagkerfi framtíðarinnar munu byggja afkomu sína á. Í dag fer gríðarlega mikið af lífrænum verðmætum í súginn á sorphaugum úti um víða veröld með tilheyrandi álagi á umhverfið. Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna áætlar að þriðjungur matvælaframleiðslu heimsins endi sem úrgangur en á sama tíma svelta milljónir manna heilu hungri. Þessu verðum við að breyta. Á Norðurlöndum er að finna mikið hugvit og skapandi hugsun sem er forsenda þess að ryðja lífhagkerfinu braut og ná forskoti á því sviði.

Þrátt fyrir niðursveiflu síðustu ára eru innviðir norrænna samfélaga sterkir. Undirstöðuauðlindir okkar eru enn á sínum stað; skógarnir, málmarnir, fiskurinn og orkan. Frumkrafturinn kemur þó frá fólkinu sem byggir Norðurlönd og skapar verðmæti og velferð með hugviti sínu og hæfileikum. Menntunarstig er hátt og félagslegt öryggi mikið. En almenn velferð af því tagi sem ríkir á Norðurlöndum er ekki sjálfsagður hlutur og mikilvægt er að skipa málum þannig að hún verði sjálfbær þegar til lengri tíma er litið. Efnahagssveiflur setja velferðarkerfið í augljósa hættu. Með formennskuverkefninu *Norræna velferðarvaktin* vilja Íslendingar varpa ljósi á viðnámsþrótt norræna velferðarríkisins og hæfileika þess til að grípa hratt inn í og mæta áföllum þegar kreppir snögglega að.

Skapandi greinar skipta verulegu máli í atvinnu- og efnahagslífi Norðurlanda. Sköpunarkraftur og hugmyndaauðgi þess fólks sem starfar við margvíslegar greinar á þessu sviði er einstök auðlind á Norðurlöndum. Mikilvægt er að skapa þannig umgjörð að þær nái að blómstra – listræna og samfélagslega gildið er augljóst og efnahagslegi ávinningurinn er ótvíræður. Með verkefninu *Norræni spilunarlistinn* vilja Íslendingar styðja við kynningu og útflutning á norrænni tónlist. Ekki er ástæða til annars en

að ætla að verkefnið haldi áfram af eigin rammleik þegar stuðningi við það lýkur.

Samstarf Norðurlanda hvílir á traustum grunni, lýðræðið er virkt og félagsleg auðlegð er mikil. Lífandi þjóðfélagssumræða og öflug samkennd er til vitnis um ríka og fjölbreytta menningararfleifð sem þjóðirnar eiga sameiginlega. Norðurlönd hafa áhrif á alþjóðavettvangi og samanlagður efnahagur okkar er sterkur. Við búum yfir grósku og lífskrafti sem okkur ber að nýta til fullnustu.

Íslendingar setja norrænt samstarf í öndvegi og taka að sér formennsku í Norrænu ráðherranefndinni með stolti og eftirvæntingu.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
forsætisráðherra



Eygló Harðardóttir
samstarfsráðherra Norðurlanda



Gróska – lífskraftur

Ímynd Norðurlanda er samsett úr nokkrum þáttum sem eru að mörgu leyti einkennandi fyrir þær þjóðir sem byggja svæðið og veita þeim sérstöðu á margan hátt. Norðurlönd vilja halda í þá sérstöðu enda má líkja ímyndinni við verðmætt vörumerki.

Það er vel þekkt að Norðurlönd skipa sér í fremstu röð þegar þjóðir heims eru bornar saman samkvæmt viðurkenndum alþjóðlegum mælistikum. Þrátt fyrir að ytri skilyrði hafi versnað í efnahagsþrengingum síðustu ára halda Norðurlönd enn ímynd sinni um jöfnuð, frið, velferð og hagsæld. Sérstaða Norðurlanda felst enn fremur í því að hér myndaðist snemma gagnkvæmur skilningur á því að leysa beri ágreining og milliríkjadeilur eftir diplómátskum leiðum, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðlegra stofnana.

Norðurlönd urðu snemma ötulir málsvarar sjálfbærrar þróunar, hugmyndafræði sem nú er útbreidd um allan heim. Jafnrétti er sömuleiðis stór þáttur í ímynd Norðurlanda og er forgangsmál í samstarfi Norðurlanda við aðrar þjóðir. Enda þótt um sé að ræða lönd sem eru á margan hátt ólík og móta sér mismunandi afstöðu til mála, eftir hagsmunum hverju sinni, deila þau ákveðnum grunngildum sem gera þeim kleift að tala einni röddu.

Svæðasamstarf Norðurlanda er eitt það elsta sinnar tegundar í heiminum. Samstarfið er um leið samnefnari þeirra gilda sem Norðurlönd standa fyrir. Norræna notagildið hefur frá upphafi verið leiðarljós samstarfsins en samstaðan og samvinnan sem af því leiðir eru jafnmikilvæg – þannig er norrænt samstarf markmið í sjálfu sér. Á tímabilum hefur verið sótt að norrænu samstarfi og margir efast um framtíð þess. Það hefur með sveigjanleika og aðlögunarhæfni náð að standa af sér ágjöf efasemdarmanna og sjaldan verið öflugra og staðið styrkara en nú. Ísland vill nýta formennskuárið til þess að beina samstarfinu inn á nýjar og spennandi brautir þar sem hægt er að auka norræna notagildið frekar. Formennskuverkefni *Norræna lífhagkerfið*, *Norræna velferðarvaktin* og *Norræni spilunarlistinn* verða í brennidepli á formennskuári Íslands.

Græn samfélagsþróun

Íslendingar vilja beina kastljósinu að lífrænum auðlindum Norðurlanda sem nýta má mun betur en gert er í dag. Áherslur á grænan hagvöxt og sjálfbæra þróun haldast í hendur í verkefninu um þróun *Norræna lífhagkerfisins*. Auðlindir geta gengið til þurrðar og því ber okkur skylda til að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra og koma í veg fyrir sóun. Til að tryggja grænan hagvöxt og sjálfbæra þróun til frambúðar er mikilvægt að tengja þessar áherslur við uppeldi og menntun. Áhersla verður lögð á að sameina þessi svið með verkefnum þar sem sköpun verður notuð sem kennslu- og rannsóknaraðferð.

Lífhagkerfið er notað um þá starfsemi sem byggist upp í kringum hámarksnýtingu lífrænna auðlinda úr sjó og af landi. Í sjálfbærri nýtingu þessara auðlinda felast mikilvæg tækifæri til að auka velferð og örva grænan hagvöxt á Norðurlöndum, til dæmis með framleiðslu lífmassa og skilvirkari notkun hans á ýmsum sviðum samfélagsins.

Norræna lífhagkerfið er umfangsmikið og þverlægt verkefni þar sem ráðherranefndirnar um umhverfismál (MR-M), fiskveiðar, fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS), atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER), menntun og rannsóknir (MR-U) og menningu (MR-K) leiða saman krafta sína auk fjölmargra norrænna stofnana, fræðimanna og annarra hagsmunaaðila í löndunum. Undir formerkjum *Norræna lífhagkerfisins* verður unnið að ýmsum verkefnum sem öll miða að frekari virðisauka fyrir umhverfi og samfélag. Norðurlönd hafa góðar forsendur til að ryðja brautina fyrir lífhagkerfið og því er mikilvægt að þau séu leiðandi á því sviði.

Ný viðfangsefni fyrir norræna velferð

Norrænu velferðarkerfin standa stöðugt frammi fyrir nýjum áskorunum. Breytt aldurssamsetning íbúa er nærtækt dæmi. Krafan um sjálfbær velferðarkerfi kallar á endurmat á ríkjandi áherslum. Aukið atvinnuleysi og alþjóðlegar efnahagskreppur leiða af sér ný viðfangsefni sem krefjast úrlausna. Skemmst er að minnast efnahagsshrúnsins sem varð á Íslandi síðla árs 2008. Íslenskt velferðarkerfi stóð þá frammi fyrir mikilli ógn – á skömmum tíma þurfti að takast á við samfélagsleg vandamál af stærðargráðu sem fáir gátu séð fyrir. Reikna má með að alþjóðlegar efnahagskreppur hafi áhrif alls staðar á Norðurlöndum og að enn muni reyna á þolrif norrænu velferðarkerfanna á næstu árum.

Velferðarkerfið hefur lengi verið viðfangsefni í norrænu samstarfi. Norrænu forsætisráðherrarnir hleyptu verkefninu *Sjálfbær norræn velferð* af stokkunum í ágúst 2013. Meginmarkmið þess er að þróa nýjar lausnir í velferðarmálum á Norðurlöndum. Það felur meðal annars í sér gerð svokallaðrar Könberg-skýrslu sem unnin er að frumkvæði norrænu heilbrigðisráðherranna. Á formennskuárinu taka Íslendingar við verkefninu *Sjálfbær norræn velferð* af Svíum og munu tryggja gott áframhald þess.

Með formennskuverkefninu *Norræna velferðarvaktin* munu Íslendingar leggja sitt af mörkum til aukinnar sjálfbærni velferðarkerfisins og tengja það áherslum verkefnisins *Sjálfbær norræn velferð*. *Norræna velferðarvaktin* byggist að hluta til á reynslu Íslendinga af velferðarvakt sem ríkisstjórn Íslands kom á laggirnar snemma árs 2009 til að bregðast við vanda í kjölfar efnahagshrunsins. Verkefnið felur meðal annars í sér rannsóknir á viðbrögðum við afleiðingum alvarlegra efnahagskreppna á Norðurlöndum undanfarna áratugi, hvaða lærdóm megi draga af þeim aðgerðum sem gripið var til og hvaða afleiðingar megi leiða líkur að stafi af aðgerðarleysi stjórnvalda. Einnig mun verkefnið þróa velferðarvísa til grundvallar stefnumótun og aðgerðum í velferðarmálum á Norðurlöndum.

Norðurlönd án hindrana

Í norrænu samstarfssamningunum sem marka umgjörð samstarfsins endurspeglast vilji landanna til að gera Norðurlönd að einu svæði þar sem samgangur milli fólks er greiður og hægt er að stunda viðskipti yfir landamæri án þess að ósamrýmanlegar reglur girði þar fyrir. Stjórn-sýsluhindranir hafa áhrif á íbúa, fyrirtæki og frumkvöðlastarfsemi á Norðurlöndum og þurfa löndin í sameiningu að vinna að því að draga úr þeim. Þótt mikið hafi verið gert á liðnum árum til að ryðja stjórnsýslu-hindrunum úr vegi er enn verk að vinna. Þetta viðfangsefni sem vonast var til að yrði tímabundið í norrænu samstarfi er nú komið til að vera. Sterkan pólitískan vilja þarf til að ná frekari árangri og koma þarf í veg fyrir að nýjar hindranir fylgi í kjölfar lagasetningar í löndunum. Vilji Norðurlönd styrkja samkeppnisstöðu sína í hnattvæddum heimi og skipa sér sess sem svæði þar sem ákjósanlegt er að hasla sér völl, setjast að og stunda viðskipti, nám og rannsóknir þarf að gera betur.

Mikilvægt er að nýtt skipulag á vinnunni gegn stjórnsýsluhindrunum sem innleiða á í upphafi formennskuársins fái gott brautargengi og verði það afl sem vonir standa til. Einkum er brýnt að takast á við þær hindranir sem bent var á í skýrslu vinnuhóps um hindranir á sviði félags- og vinnumála sem út

kom 2012 en þar er jafnframt að finna tillögur um leiðir sem vinnuhópurinn telur færar til úrlausna og mikilvægt er að fylgja eftir.

Lifandi menning

Menningarsamstarfinu hefur ávallt verið gert hátt undir höfði í norrænu samstarfi og hin síðari ár hefur athyglin í vaxandi mæli beinst að skapandi greinum sem eru í mikilli sókn í öllum löndunum. Í skapandi greinum felst mikil auðlind sem virkja þarf betur. Með því að leiða saman þá krafta sem búa í skapandi greinum og kynna fyrir umheiminum það besta sem Norðurlönd hafa að bjóða næst sá virðisauki sem stefnt er að í norrænu samstarfi. Þá ber að hafa í huga að frumkvæðið í grasrótinni er dýrmætt, skapa þarf umgjörð sem styður við nýskapandi hugsun og frjóar hugmyndir.

Ísland vill nýta það tækifæri sem gefst á formennskuárinu til að styðja við gróskumikið starf tónlistarmanna á Norðurlöndum. *Norræni spilunarlistinn* er þróunarverkefni sem hefur það markmið að efla norrænan tónlistarmarkað og vekja athygli á norrænni tónlist. Verkefnið veitir tækifæri til að auka útflutningsmöguleika norrænnar tónlistar, búa til samtímaheimild um norræna tónlist og að sýna um leið fram á mikilvægi norrænnar samvinnu.

Norrænt notagildi utan Norðurlanda

Norræna ráðherranefndin hóf samstarf við Eystrasaltsríkin í byrjun tíunda áratugarins og markar það upphaf eiginlegs samstarfs Norðurlanda við grannsvæðin. Samstarfið við Norðvestur-Rússland hófst 1995. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar – alþjóðlegt samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar verður æ mikilvægara eftir því sem það teygir anga sína víðar. Slíkt samstarf fer fram á vettvangi ESB, til dæmis um Evrópska háskólann í húmanískum fræðum og innan Norðlægu víddarinnar auk annarra svæðisbundinna samtaka, svo sem Eystrasaltsráðsins og Norðurskautsráðsins. Einnig starfa norrænu sendiráðin náið saman en ráðherranefndin hefur hvatt til og veitt því samstarfi stuðning. Þá hefur verið litið til samstarfs við Þýskaland og Pólland og nágretta Norðurlanda í vestri, Kanada og Bandaríkin. Allt er þetta til marks um að sóst er eftir norrænu samstarfi langt út fyrir landamæri Norðurlanda og ber styrkum stóðum samstarfsins vitni.

Á formennskuári Svía lauk vinnu við endurskoðun reglna um samstarf ráðherranefndarinnar við Eistland, Lettland og Litháen og við Norðvestur-

Rússland og um það samstarf sem beinist að Hvíta-Rússlandi og Barents-svæðinu. Reglurnar öðlast gildi við upphaf formennskuárs Íslands. Nýju reglurnar bera það með sér að þær hafa verið unnar í góðu samstarfi ráðherranefndarinnar og nágrannalandanna og að krafan um sameiginlegt notagildi samstarfsins var höfð að leiðarljósi. Mikill gagnkvæmur áhugi er á samstarfinu og skýrt er hvar hagsmunir fara saman. Gengið er út frá því að í framtíðinni verði kjarni alþjóðasamstarfs ráðherranefndarinnar á Eystrasaltssvæðinu. Samstarf við önnur lönd og svæði verður skoðað með opnum hug þegar og ef eftir því verður leitað.

Fjárlög

Ákveðin efnahagsleg skilyrði hafa gert það að verkum að nauðsynlegt er að forgangsraða og nýta með skynsamlegum hætti þá fjármuni sem löndin hafa ákveðið að leggja í samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar. Nú fer fram vinna um endurmat og endurnýjun samstarfsins, tilgangur hennar er að skýra markmið og tryggja árangur norræns samstarfs.



Norræn náttúruvitund

Norðurlandapjóðir hafa ætíð haft mikinn metnað, verið samstiga og lagt mikið af mörkum á vettvangi umhverfismála jafnt innan sem utan Norðurlanda. Á formennskuárinu munu Íslendingar setja í forgang verkefni sem skapa norrænan virðisauka fyrir umhverfi og samfélag. Slík verkefni eru ekki aðeins þýðingarmikil á norrænum vettvangi heldur einnig sem framlag Norðurlanda til umhverfismála á alþjóðlegum vettvangi.

Íslendingar vilja setja græna samfélagsþróun í forgang og meðal annars nýta þá möguleika sem felast í uppbyggingu lífhagkerfisins (sjá nánar á bls. 17) til að draga úr loftslagsbreytingum. Með því að stuðla að umhverfisvænum framleiðsluháttum og sjálfbærri neyslu má draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Jafnframt er mikilvægt að styrkja vitund fólks um þau verðmæti sem fólgin eru í heilbrigðu umhverfi og náttúru. Lögð verður áhersla á að efla líffræðilega fjölbreytni, þjónustu vistkerfa og umhverfismerkið Svaninn. Einnig verður sjónum beint að betri nýtingu hráefna og úrgangs, málefnum hafsins og samspili loftslags- og orkumála. Auk hinna sérstöku áhersluatriða munu Íslendingar leggja sitt af mörkum til að vel takist til með að innleiða *Norræna framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2013–2018* og sameiginlega stefnu Norðurlanda um sjálfbæra þróun *Gott líf á sjálfbærum Norðurlöndum – Norræn áætlun um sjálfbæra þróun*.

Íslendingar leggja áherslu á að fyrirbyggja hnignun vistkerfa og styrkja viðnámsþrótt þeirra. Jafnframt er mikilvægt að byggja upp og endurheimta sködduð vistkerfi í því skyni að tryggja að þau geti veitt nauðsynlega þjónustu til frambúðar. Lýðheilsa og samfélag eru háð þjónustu vistkerfa, því ber út frá heilsuverndarsjónarmiðum að tryggja þjónustu þeirra og vernda græn svæði. Undanfarna áratugi hefur náðst góður árangur við endurheimt og uppbyggingu gróðurs og sjálfbærra skóga á Norðurlöndum og mikilvægt er að þeirri vinnu verði haldið áfram.

Styrkja þarf vitund um þá verðmætasköpun sem getur falist í nýtingu úrgangsefna, svo sem til moltugerðar og framleiðslu á mjöli og áburði. Með bættri nýtingu hráefna ásamt flokkun og nýtingu úrgangs má koma í veg fyrir myndun hans og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Á undanförunum árum hefur Norræna ráðherranefndin unnið markvisst að því að efla norræna umhverfismerkið Svaninn. Ísland hefur beitt sér fyrir

framgangi Svansins heima fyrir og hefur það meðal annars birst í fjölgun svansmerktra fyrirtækja. Íslendingar hafa verið leiðandi í undirbúningi og haft umsjón með framkvæmd þeirrar stefnu sem gildir fyrir Svansmerkið til ársloka 2014. Á formennskuárinu verður lögð áhersla á að hefja undirbúning fyrir framtíðarstefnumótun Svansins eftir 2014.

Hafið er uppspretta lífsgæða fyrir íbúa Norðurlanda. Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi sjávar og stóran hluta af mengun hafsins má rekja til landstöðva og umsvifa mannsins. Úrgangur í hafi hefur alvarleg áhrif á lífríki sjávar og heilsu fólks. Norræn og alþjóðleg samvinna er forsenda árangurs til að takast á við mengun og súrnun sjávar og til að tryggja líffræðilega fjölbreytni í hafinu. Beita þarf vistkerfanálgun við nýtingu auðlinda hafsins og efla skipulag hafsvæða. Þróa þarf nýjar aðferðir og verkfæri til að tryggja skilvirka nýtingu og vernda hafsvæði og fiskistofna. Í því skyni er áriðandi að auka þekkingu á ofauðgun, súrnun, loftslagsbreytingum og uppsöfnuðum áhrifum hættulegra efna á hafið. Unnið verður að því að auka þekkingu á hættulegum eiginleikum efna í vörum, útbreiðslu þeirra í umhverfinu og uppsprettum losunar í þeim tilgangi að lágmarka skaðleg áhrif slíkra efna á heilsu fólks og umhverfi. Norrænt samstarf hefur þegar skilað sér í betra aðgengi að upplýsingum um efni og áhrif þeirra. Mikilvægt er að stofnanir á sviði umhverfis- og neytendamála og samtök atvinnuvega á Norðurlöndum taki höndum saman um að styrkja upplýsingamiðlun og auka samstarf um eftirlit.

Íslendingar munu beita sér fyrir áframhaldandi samvinnu Norðurlanda á sviði loftslagsmála. Hvatt verður til að Norðurlönd styðji viðræður um gerð nýs hnattræns loftslagssamnings árið 2015 og leiti leiða til að brúa bilið milli iðnríkja og þróunarlanda, meðal annars í gegnum samstarf norræna vinnuhópsins um alþjóðlegar loftslagsviðræður. Stutt verður við verkefni þar sem Norðurlönd standa framarlega og geta miðlað af þekkingu sinni og reynslu, meðal annars um bindingu kolefnis í gróðri, jarðvegi og jarðlögum og ekki síst á sviði endurnýjanlegrar orku, svo sem vatnsorku, jarðhita, lífelfsneytis og vindorku. Orkurannsóknir skipta miklu þegar tekist er á við ný úrlausnarefni á sviði orkumála, í því sambandi hefur stofnun um Norrænar orkurannsóknir gegnt lykilhlutverki. Þar hafa Norðurlönd meðal annars haft áhrif á stefnumörkun og úrlausnir við innleiðingu Evrópugerða.

Orku- og umhverfismál eru nátengd og því ber að líta á auðlindanýtingu og áhrif orkunotkunar á umhverfi á heildstæðan hátt. Samspil orku- og loftslagsmála, þróun endurnýjanlegrar orku, orkunýtni og sambætting norræns raforkumarkaðar eru áherslumál í norrænu samstarfi.

Eitt stærsta viðfangsefnið er að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir umhverfisvænna eldsneyti. Á formennskuári Íslands verður unnið að orkuskiptum í samgöngum og leiða leitað til að leysa jarðefnaeldsneyti af hólmi en sérstaklega verður horft til orkunotkunar fiskiskipa. Áfram verður byggt á áherslum hnattvæðingarverkefna á sviði orkumála.

VERKEFNI

- Unnið verður að greiningu á viðnámsþrótti vistkerfa og settar fram tillögur um hvernig uppbygging vistkerfa getur dregið úr áhrifum náttúruvár og loftslagsbreytinga á innviði samfélaga.
- Efnt verður til ráðstefnu um framtíð samstarfs Norðurlanda um Svansmerkið.
- Unnið verður að þróun sjálfbærniþemna um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.
- Haldin verður ráðstefna um breytingar á útbreiðslu fiskistofna í ljósi loftslagsbreytinga.
- Efnt verður til ráðstefnu um rusl í hafi þar sem áhersla verður lögð á hvernig má draga úr og fyrirbyggja það í framtíðinni.
- Ísland mun beita sér fyrir úttekt á niðurstöðum stefnumótunar um norræna skógarsamstarfið á grundvelli Selfoss-yfirlýsingar sem samþykkt var á ráðstefnu skógarmálaráðherranna árið 2009 og efna til umræðu um framtíðarstefnumörkun fyrir norræna skógarsamstarfið.
- Ísland mun taka virkan þátt í verkefnum á vegum Samstarfsnefndar um norrænar skógræktarrannsóknir.
- Unnið verður að orkumálum í samræmi við nýja samstarfsáætlun Norðurlanda í orkumálum sem tekur gildi árið 2014.
- Unnið verður að gæðastýringu orkukerfa. Í því sambandi er áhersla lögð á að finna orkugjafa sem henta best til nýtingar hverju sinni.



Markmið:

- Að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda á öllum sviðum samfélagsins.
- Að draga úr sóun og hámarka nýtingu og ábata af lífrænum afurðum.
- Að efla nýsköpun, grænt atvinnulíf og byggðapróun.
- Að koma í veg fyrir myndun úrgangs og auka endurnýtingu.

Lífhagkerfið er mikilvæg stoð í hagkerfum allra Norðurlanda og er ein af meginstoðum græns hagvaxtar og sjálfbærni. Lífhagkerfið byggist á hagkerfi þar sem nýting lífrænna afurða, úrgangsefna og annarra afurða sem til falla við vinnslu eru háörkuð með það fyrir augum að takmarka sóun úr virðisdeðjunni og draga úr umhverfisálagi, með hagsmuni og möguleika núlifandi og komandi kynslóða til að njóta þess sem náttúran gefur af sér að leiðarljósi. Stefnt verður að því að auka sjálfbærni og ábata af nýtingu lífrænna auðlinda, svo sem sjávarafla, beitilanda, skóga og landbúnaðarafurða.

Lífrænar auðlindir eru undirstaða velferðar á Norðurlöndum og hafa mikla þýðingu fyrir hagkerfi og atvinnulíf. Tryggja þarf skilvirka nýtingu sem tekur mið af hagsmunum samfélags og umhverfis og stuðlar að hagvexti og uppbyggingu samkeppnishæfs atvinnulífs og samfélags án þess að það hafi óafturkræfar afleiðingar. Afurðir verða nýttar til fullnustu, einnig verður lögð áhersla á að koma í veg fyrir myndun úrgangs og auka endurnýtingu aukaafurða sem til falla og draga þar með úr umhverfisálagi og örva nýsköpun og grænt atvinnulíf.

Nýjar aðferðir og lausnir við nýtingu og framleiðslu bjóða upp á ýmsa möguleika, meðal annars til þróunar og nýsköpunar. Þannig getur uppbygging lífhagkerfis styrkt atvinnulíf og rennt styrkari stoðum undir þróun í þeim byggðum sem helst eru háðar nýtingu lífrænna auðlinda. Lögð verður áhersla á að efla norrænt samstarf um nýjungar í menntun, rannsóknunum, þróun og nýsköpun í nánu samstarfi við atvinnulíf og menntastofnanir. Í þessu skyni verður unnið að fjölbreyttum verkefnum um þróun menntunar og kennsluáferða, vöruþróunar og nýsköpunar í anda lífhagkerfisins.



Tækifæri til sóknar

Þróun sjálfbærra lausna um nýtingu lífrænna auðlinda og hráefna og að koma í veg fyrir myndun úrgangs og auka endurnýtingu verður í fyrirrúmi á formennskuárinu. Lífrænar auðlindir eru í mörgum tilvikum undirstaða sjálfbærrar atvinnu- og byggðapróunar. Áherslur lífhagkerfisins opna tækifæri til umhverfisvænnar framleiðslu og nýsköpunar úr ólíkum lífrænum hráefnum og geta aukið verðmætasköpun í framleiðslu og tryggt sjálfbæra neyslu og nýtingu auðlinda. Nýsköpun í norrænu atvinnulífi og skapandi greinum gegna mikilvægu hlutverki í grænni samfélagsþróun. Mikilvægi þessara þátta er áréttað í samstarfsáætlun í nýsköpunar- og atvinnumálum sem tekur gildi á formennskuárinu.

Í starfandi fyrirtækjum og í hefðbundnum atvinnugreinum er að finna fjölmörg tækifæri til nýsköpunar. Nánar þarf að skoða hlutverk stjórnvalda þegar kemur að því að efla nýsköpun á Norðurlöndum. Aukin tækifæri til nýsköpunar gera fyrirtækjum kleift að leggja fram nýjar lausnir og efla samkeppnisstöðu sína gagnvart erlendum aðilum.

Á formennskuárinu verður athygli beint að norrænum haf- og strandsvæðum og landbúnaðar- og skógræktarsvæðum sem eru auðug af lífrænum auðlindum. Athygli verður beint að samfélögum sem eru háð nýtingu þessara auðlinda sér til viðurværis. Stefnt er að því að greina nánar tækifæri og áskoranir sem þessi svæði standa frammi fyrir, með áherslu á betri nýtingu auðlinda. Áhersla verður lögð á vöruþróunarverkefni, þvert á framleiðslugreinar, með það að leiðarljósi að hámarka nýtingu lífrænna afurða. Verkefnið verður unnið með virkri þátttöku atvinnulífs, rannsóknarstofnana, menntakerfis, stjórnsýslu og annarra hagsmunaaðila.

Á Norðurlöndum er matvælaframleiðsla í háum gæðaflokki og kjöraðstæður fyrir hendi. Sjálfbær þróun í landbúnaði og framleiðslugreinum verður æ mikilvægari, einkum og sér í lagi með hliðsjón af vaxandi fólksfjölda í heiminum. Norðurlönd geta lagt sitt lóð á vogarskálarnar til að stuðla að auknu fæðuöryggi á heimsvísu. Höfuðmáli skiptir að efla rannsóknir, þróun og nýsköpun þegar unnið er að sjálfbærum lausnum í framleiðslugreinum.

Rekjanleiki matvæla og virkt gæðaeftirlit eru veigamiklir þættir í matvælaöryggi. Fjöldi lítilla og meðalstórra fyrirtækja framleiða úr hráefnum úr nærumhverfi sínu og geta fyrir vikið aukið rekjanleika matvæla. Á Norðurlöndum er vaxandi áhugi meðal almennings á afurðum staðbundinnar

matvælaframleiðslu. Það veitir smærri framleiðendum tækifæri til að byggja upp traust meðal neytenda og auka ávinning sinn. Með því að hlúa að smáframleiðslu matvæla má allt í senn auka matvælaöryggi, verðmætasköpun og efla dreifðar byggðir þar sem framleiðslan fer fram.

Áfram verður unnið að sjálfbærri svæðisbundinni velmegun, grænum vexti og eflingu sjálfbærrar þróunar á heimskautasvæðum í samræmi við samstarfsáætlun í byggðamálum. Þá eru málefni strjálbýlla samfélaga og samstarfið á Vestur-Norðurlöndum Íslendingum hugleikin á formennskuári. Mörg strjálbýl samfélög hafa búið við langvarandi fólksfækkun þrátt fyrir að ríkulegar auðlindir sé að finna í næsta nágrenni. Þessar auðlindir hafa byggt upp og staðið undir velferð í borgum og bæjum en ekki skilað sér með samsvarandi hætti til strjálbýlla samfélaga. Leitað verður leiða til að efla þau með nýsköpun, bættri nýtingu náttúruauðlinda og auknu samstarfi við rannsóknarstofnanir og háskóla. Sérstaklega verður horft til norðurslóða og hvaða áhrif aðgerðir í loftlagsmálum hafa á byggðir og lífsafkomu fólks á svæðinu. Þegar hefur verið hafin vinna við verkefnið *Arctic Bioeconomy* þar sem sjónum er sérstaklega beint að viðfangsefnum á norðurslóðum.

VERKEFNI

- Áfram verður unnið að betri orkulausnum fyrir strjálbýl svæði enda er í mörgum tilfellum um að ræða svæði sem hafa takmarkaðan aðgang að sterkum orkudreifikerfum.
- Íslendingar munu styðja starf Norrænu rannsóknastofnunarinnar í skipulags- og byggðamálum (Nordregio) og Norræna Atlantshafssamstarfsins (NORA) enda gegna báðar stofnanirnar mikilvægu hlutverki í byggðaðróun.
- Unnið verður að leiðum til að efla rannsóknir, þróun og nýsköpun í matvælaframleiðslu og landbúnaði.
- Leitað verður leiða til að taka á vanda strjálbýlla samfélaga sem búa við langvarandi fólksfækkun þrátt fyrir að ríkulegar auðlindir séu í nánasta nágrenni. Í því skyni verður lögð áhersla á að efla þessi samfélög með nýsköpun, bættri nýtingu náttúruauðlinda og auknu samstarfi við rannsóknarstofnanir og háskóla.
- Unnið verður að því að kortleggja þau tækifæri sem felast í *Norræna lífhagkerfinu* og að skilgreina tækifæri til aukinnar verðmætasköpunar.
- Unnið verður að þróunarverkefnum sem byggjast á bættri nýtingu lífaúðlinda og aukinni verðmætasköpun.
- Haldnar verða ráðstefnur um fjölbreytt viðfangsefni tengd *Norræna lífhagkerfinu*.
- Samstarf Norðurlanda í málefnum sem tengjast sviðum lífhagkerfisins verður aukið.
- Stutt verður við þróun verkefnis um samstarf opinberra aðila og einkaaðila um plöntukynbætur. Vinna við verkefnið hófst 2011. Íslendingar munu leggja sitt af mörkum til að styrkja það og efla tækifærin sem í því felast með hliðsjón af áherslum lífhagkerfisins.



Pekking á nýjum tímum

Styrkur norræns atvinnulífs og þekkingarsamfélags á rætur í frjórrí hugsun, kröftugri nýsköpun, öflugum rannsóknum og menntun sem eru atvinnulífi, byggðapróun og grænum hagvexti til framdráttar. Mikilvægt er að nýta þennan styrk til að skapa ný tækifæri fyrir norræn samfélög og gera þeim kleift að takast á við úrlausnarefni dagsins.

Norðurlönd eru meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og þróun eru í miklum blóma og því ber að viðhalda. Tækniframfarir og vaxandi samkeppni kalla á stöðuga endurskoðun á háskóla- og vísindastarfi. Efling rannsókna og háskóla stuðlar að nýsköpun og framförum og er forsenda árangurs. Í háskóla- og rannsóknamálum hafa Norðurlönd stefnt að aukinni skilvirkni og verkaskiptingu milli stofnana. Huga þarf enn betur að áherslum, samþættingu og samstarfi Norðurlanda með áherslu á tengingu ólíkra fagsviða, tækni, lista og vísinda svo styrkur þeirra og sérþekking nýtist sem best. Margvísleg hæfni og þekking svo sem heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, sköpun og læsi ásamt kunnáttu í stærðfræði, vísindum og tækni stuðlar að framförum í samfélaginu. Efla þarf þessa þætti í því skyni að byggja upp menntakerfi sem kemur til móts við kröfur og þarfir nútímasamfélags og vinnumarkaðar.

Áherslur Íslands á sviði menntamála og vísinda byggja meðal annars á áætlunum Norrænu ráðherranefndarinnar um grænan vöxt og sjálfbæra norræna velferð. Báðar leggja ríka áherslu á hlutverk menntunar og rannsókna og mikilvægi þeirra í stefnumótun. Samstarf þvert á stofnanir, fræðasvið og landamæri með hagnýtingu, þekkingarmyndun, nýsköpun, velferð og grænan vöxt að leiðarljósi skilar sér til Norðurlanda og eykur framlag þeirra á alþjóðlegum vettvangi.

Skapa þarf tækifæri fyrir ungt fólk til að hasla sér völl í vísindum og nýsköpun með fjölbreyttum leiðum. Áfram verður unnið að þróun verkefnisins um norrænt meistaranám og áherslum norrænna háskóla á gæði með samstarf, verkaskiptingu og samþjöppun að leiðarljósi. Hugað verður að bættri nýtingu upplýsingatækni til að miðla þekkingu og þróa háskólanám óháð búsetu.

Aukin hnattvæðing með hröðum breytingum í upplýsingatækni og fjölbreyttur bakgrunnur nemenda í skólum kalla á aðlögun og framþróun í

menntun, jafnt á inntaki skólastarfs og aðferðum. Gæði menntunar og virkni skólakerfisins byggist á hægri fagstétt kennara. Þjóðfélög sem vilja hasla sér völl í þekkingarhagkerfi nýrrar aldar þurfa að huga vel að stefnumótun um störf og menntun kennara.

Uppbygging lífhagkerfisins undirstrikar mikilvægi samstarfs um nýjungar í menntun og þróun og nýsköpun þvert á fagsvið. Í takt við þetta verður unnið að þróunarverkefnum á sviði mennta- og menningarmála sem kennd eru við hugmyndafræði Biophilia þar sem leitast er við að samþætta menntun, vísindi og tækni með tónvísindasmiðjum og vísindamiðlun. Í verkefninu er lögð áhersla á að tengja saman tækni, vísindi og sköpun þvert á skólastig, fræðasvið, stofnanir og atvinnulíf með nýjum hætti. Biophilia brýtur upp hið hefðbundna kennsluform og hvetur til víðtækrar þátttöku þvert á aldurshópa, námsgreinar og fagsvið þar sem sköpun er notuð sem menntunar- og rannsóknaraðferð. Hugmyndir og aðferðir Biophilia bjóða upp á sameiginlegan vettvang og grundvöll samstarfs, samráðs og skoðanaskipta milli fólks á öllum aldri, listamanna sem vísindamanna, nemenda sem kennara. Þverfaglegt samstarf af þessu tagi stuðlar að þróun kennsluhátta í takt við breytta tíma, þroskar einstaklinginn og stuðlar að sjálfbæru samfélagi.

VERKEFNI

- Unnið verður áfram að innleiðingu nýrra skipulags- og starfshátta á sviði ráðherranefndar í menntamálum og vísindum (MR-U), í samræmi við fyrirliggjandi ákvarðanir sem byggja á skýrslu vinnuhóps frá í maí 2012.
- Skipulagt verður samstarfsnet innan byggðarlaga á Norðurlöndum þar sem tengd verða saman mismunandi skólastig, stofnanir og atvinnulíf með áherslu á að auka nýsköpun, sjálfbærni, vísindi, sköpun og tækni í öllu skólastarfi.
- Unnið verður að samstarfsverkefni um norræna þekkingarlest. Með henni munu fulltrúar háskóla- og rannsóknastofnana ferðast um og efna til vísindaviðburða með það fyrir augum að efla áhuga ungs fólks á rannsóknum og háskólanámi. Vinna við verkefnið mun fara fram í tengslum við núverandi viðfangsefni, t.d. net um þekkingarþríhyrning.
- Þróað verður norrænt verkefni um bættu nýtingu þekkingar og svæðisbundinna fjárframlaga í þágu nýsköpunar. Markmiðið er að auka samstarf og samþættingu rannsókna og þróunarstarfsemi, efla samstarf við háskóla og styðja við nýsköpun sem byggir á svæðisbundinni sérstöðu og tækifærum. Sérstaklega verður hugað að framlagi skapandi greina, lista, hugvísinda og félagsvísinda.
- Efnt verður til ráðstefnu um starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Þar verður menntun kennara á Norðurlöndum rædd og kastljósinu beint að möguleikum norrænu kennarastéttarinnar til að þróa námsaðstæður og kennsluaðferðir í takt við breytingar á tækni, samfélagi og menningu á 21. öldinni.
- Ráðstefnan *Norrænar brýr til ævimenntunar* verður haldin í samstarfi við norræna samstarfsnetið um nám fullorðinna (NVL). Fjallað verður um þróun nýrra aðferða í fullorðinsfræðslu og þann lærdóm sem draga má af stefnumótunarvinnu um málefnið.
- Ísland vill fylgja eftir áherslum Svíþjóðar um tengingu starfsmenntunar og vinnustaðanáms.

Skapandi Norðurlönd

Sameiginleg saga og menning Norðurlanda er ein af grunnstöðum norræns samstarfs og eykur samkennd og skilning milli landanna. Gildi norrænnar samvinnu endurspeglast í sameiginlegum hefðum og menningararfi, skyldleika tungumála og ekki síst í öflugri menntun og þekkingarþróun.

Norrænu menningarmálaráðherrarnir hafa samþykkt stefnu sem markar ramma samstarfsins og áherslur Norðurlanda á sviði menningarmála árin 2013–2020. Áætlunin byggist á fimm meginstöðum sem eru: sjálfbær Norðurlönd, skapandi Norðurlönd, þvermenningarleg Norðurlönd, ung Norðurlönd og stafræn Norðurlönd. Markmið áætlunarinnar er að styrkja og efla menningu Norðurlanda og stuðla að þátttöku sem flestra í menningarlífi. Virkt menningarlíf og aðgangur að menningu getur haft jákvæð áhrif á heilsu fólks, þátttöku þess í samfélaginu og velferð. Ísland mun á formennskuárinu fylgja eftir áherslum Svía á þessu sviði og skoða nánar hvaða aðgerðir hafi reynst árangursríkar og hvernig má fylgja þeim árangri eftir. Íslendingar munu á formennskuárinu styðja við menntun og rannsóknir sem snúa að sameiginlegri menningu og tungumálum. Auk þess verður sérstök áhersla lögð á að samþætta sköpun, menntun og vísindi með verkefninu Biophilia (sjá nánar á bls. 24).

Norræn samvinna byggist á þvermenningarlegu samstarfi ólíkra hópa, landa og aldurshópa þar sem áherslur allra rúmast. Sérstaða samvinnunnar er sú að hún styrkir söguleg og menningarleg tengsl milli landanna. Þessum tengslum er viðhaldið í samstarfi fjölda áhugamannafélaga og með þátttöku almennings. Starf grasrótarsamtaka á menningar- og listasviðinu er mikilvægt fyrir norrænu samfélögin. Þessi samtök standa fyrir fjölbreyttum samstarfsverkefnum á norrænum vettvangi og vinna þýðingarmikið starf í þágu norrænnar menningar. Mikilvægt er að gera þessu samstarfi hátt undir höfði og efla það.

Á formennskuárinu verður sjónum beint að hlutverki tónlistar og hönnunar. Sérstök athygli verður vakin á þessum greinum og þeim komið á framfæri á breiðum vettvangi, til dæmis með þátttöku í tískutengdum viðburðum og *Norræna spilunarlistanum* (sjá nánar á bls. 30).

Stafræn tækni felur í sér fjölmörg tækifæri fyrir Norðurlönd, meðal annars til að styrkja sameiginlega upplifun sem tengist menningu og tungumálum. Notkun stafrænnar miðlunar er ákjósanleg leið til að tryggja

aðgengi að norrænum listum og menningu og efla þekkingu og áhuga meðal almennings. Auk þess er stafræn tækni stór þáttur í því að koma sameiginlegum menningararfi á framfæri og stuðla þannig að aukinni samkennd Norðurlanda. Lögð verður áhersla á að nýta stafræna tækni í auknum mæli, meðal annars til að stuðla að bættu aðgengi almennings að heimildum og gögnum sem geymd eru á þjóðskjalasöfnum Norðurlanda.

Málefni barna og ungmenna eru eitt af forgangsmálum í norrænu samstarfi og endurspeglast það í stefnumótun margra málaflokka. Yfirlýst markmið Norrænu ráðherranefndarinnar er að Norðurlönd eigi að vera besti staður í heimi fyrir börn og ungmenni. Þátttaka í menningarlífi og lýðræðislegu starfi er undirstaða lífsgæða og jafnréttis. Árið 2013 voru barna- og unglingabókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs veitt í fyrsta skipti. Með verðlauninum undirstrikar Norðurlandaráð mikilvægi barna- og unglingabókmennta í menningarlífi Norðurlanda. Á formennskuárinu er ráðgert að fylgja þessu átaki eftir og halda viðamikla hátíð á Íslandi um barna- og unglingabókmenntir. Stefnt er að því að halda slíka hátíð árlega.

Norðurlönd vinna saman að eflingu skapandi greina á ýmsum vettvangi, meðal annars innan KreaNord og með þátttöku í þróun menningarsamstarfs innan Norðlægu víddarinnar. Þverfagleg samvinna á vettvangi KreaNord hefur stuðlað að auknu samstarfi milli atvinnulífs og menningartengdrar starfsemi og styrkt hvort tveggja í sessi.

Samstarfsáætlun í atvinnu- og nýsköpunarmálum fyrir árin 2014–2017 leggur áherslu á hlutverk menningartengdra greina og sköpunar fyrir hagvöxt. Þverfagleg samvinna á sviðum tengdum menningar- og atvinnumálum er nauðsynleg til að efla skapandi greinar.

Löng hefð er fyrir samstarfi Norðurlandabjóða á alþjóðavettvangi, meðal annars innan Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Einnig starfa UNESCO-nefndirnar á Norðurlöndum náið saman og funda reglulega. Löndin vinna saman að málefnum heimsminjasamnings UNESCO, til dæmis á vettvangi norrænu heimsminjastofnunarinnar í Osló (NWHF) og Norræns tengslanets heimsminjastaða. Ísland vill gera þessu samstarfi hátt undir höfði og beina sjónum að heimsminjasamningum og fleiri verkefnum tengdum UNESCO. Unnið hefur verið að verkefnum sem snúa að hlutverki menntunar til eflingar sjálfbærri þróun, meðal annars í tengslum við loftslagsbreytingar. Slík verkefni hafa verið unnin í samræmi við áratug UNESCO um menntun til sjálfbærrar þróunar sem lýkur árið 2014. Kannaðir verða möguleikar á frekara samstarfi um svipuð verkefni.

VERKEFNI

- Norræni tískutvíaeringurinn verður haldinn í Frankfurt 2014. Áherslan verður á listir og hönnun frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Norræna húsið í Reykjavík, í samvinnu við Norðurlandahúsið í Færeyjum og Norrænu stofnunina á Grænlandi, stendur að baki viðburðinum.
- Haldin verður ráðstefna um mikilvægi frjálsra félagasamtaka og miðlun kunnáttu og reynslu frá eldri kynslóðum til þeirra yngri. Leitað verður eftir samstarfi við Norræna félagið við skipulag ráðstefnunnar.
- Unnið verður að því að setja á fót norræna vefgátt ríkisskjalasafna.
- Unnið verður að samþættingu menntunar, sköpunar og vísinda með verkefninu Biophilia undir formerkjum verkefnisins um *Norræna lífhagkerfið*.
- Ísland mun beita sér fyrir virkri þátttöku ungs fólks og félagasamtaka þeirra í Biophiliu í samstarfi við norrænu barna- og ungmennanefndina.
- Barna- og unglíngabókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs verður fylgt eftir með norrænni barna- og unglíngabókmenntahátíð á Íslandi.
- *Norræna ljósið 2014*, lista- og menningarhátíð fyrir ungmenni, verður haldin á formennskuárinu. Norræni menningarsjóðurinn styrkir hátíðina og hefur útnefnt hana sem *Menningarviðburð Norðurlanda 2014*.
- Í tilefni nýrrar þýðingar *Íslendingasagnanna* á dönsku, norsku og sænsku, sem út kemur árið 2014, verður gert átak í að kynna þann menningararf sem birtist í þeim.
- Gerð verður úttekt á tengslum menningar og heilsu.
- Íslendingar munu hafa forystu um alþjóðlega raðtilnefningu víkingaminja á heimsminjaskrá UNESCO.
- Haldið verður málþing um UNESCO-samninga þar sem fjallað verður um hvernig Norðurlönd geti haft samstarf innbyrðis um innleiðingu alþjóðasamninga á menningarsviðinu.

- Haldin verður ráðstefna um óáþreifanlegar menningarminjar í tengslum við sáttmála UNESCO um menningarerfðir í samvinnu við Norrænu þjóðtónlistarsamtökin.
- Litið verður yfir áratug UNESCO um menntun til sjálfbærrar þróunar og árangur af því starfi dreginn saman.
- Unnið verður að því að efla samstarf milli atvinnulífs og skapandi atvinnugreina.

Markmið:

- Að efla Norðurlönd sem menningarsvæði og styrkja norræna samheldni.
- Að auðvelda aðgengi að norrænni tónlist og styrkja norrænan tónlistarmarkað.
- Að koma norrænni tónlist á framfæri innan og utan Norðurlanda og auka útflutningsmöguleika.

Norræni spilunarlistinn er þróunarverkefni á vegum norræna útflutningsverkefnisins NOMEX, sem er rekið af tónlistarútflutningsskrifstofum Norðurlanda. Spilunarlistinn sameinar notkun stafrænnar tækni og miðlun norrænnar tónlistar á einfaldan hátt. Spilunarlistinn hefur það að markmiði að koma norrænni tónlist á framfæri meðal íbúa Norðurlanda en einnig að vekja athygli á norrænni tónlist, hljómsveitum og listamönnum innan sem utan Norðurlanda og greiða þannig fyrir auknum útflutningi tónlistar. Á heimasíðu verkefnisins, www.nordicplaylist.com, og í gegnum tónlistarveitur á netinu verður að finna áhugaverðustu lögin frá öllum Norðurlöndum á einum spilunarlista sem verður uppfærður reglulega, ásamt fréttum af því sem vinsælast er í hverju landi fyrir sig. Þannig getur almenningur fylgst með tónlistarsenu Norðurlanda og á auðveldan hátt nálgast það sem ber hæst í norrænni tónlist á hverjum tíma. Framsetning spilunarlistans gerir það að verkum að hann er líklegur til að höfða til yngri kynslóða en er aðgengilegur öllum, óháð aldri og búsetu. Með því að nýta nýjustu tækni má kveikja áhuga á tónlist Norðurlanda, menningu þeirra og tungumálum og styrkja stöðir Norðurlanda sem lifandi menningarsvæðis.

Með *Norræna spilunarlistanum* má efla norræna menningu og skapandi greinar. Samhliða auknum áhuga og fjölgun hlustenda má styrkja norrænan tónlistarmarkað, fjölga atvinnutækifærum þeirra sem starfa í tónlist og öðrum tengdum greinum sem getur skilað sér til norrænu samfélaganna með margvíslegum hætti. Norræn tónlist nýtur aukinnar athygli utan Norðurlanda og því mikilvægt að nýta þau tækifæri sem í því felast. Skapandi greinar og efling þeirra eru mikilvægir staksteinar á leið til græns hagkerfis enda eru þær í grunninn sjálfbærar.

www.nordicplaylist.com





Velferð og þátttaka

Norrænu velferðarkerfin standa frammi fyrir nýjum viðfangsefnum sem krefjast lausna og fjölbætrar samvinnu; alþjóðlegar fjármálakreppur, lýðfræðilegar breytingar og atvinnuleysi eru dæmi um slíkt. Meðal viðfangsefna er að sporna gegn einangrun og tryggja þátttöku borgaranna, jöfnuð, félagslegt öryggi og góða heilbrigðis- og félagsþjónustu. Yfirlýsing forsætisráðherra Norðurlanda um sjálfbæra norræna velferð fyrir árin 2013–2015 er leiðandi fyrir samvinnu á sviði velferðarmála á formennskuári Íslands.

Margt getur haft áhrif á heilsu og vellíðan fólks. Ákvarðanir og stefnumótun í stofnunum eða á alþjóðlegum vettvangi geta haft áhrif á heilsu, bæði til góðs og ills. Mikilvægt er að ákvarðanatöku hafi það að markmiði að auka lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna.

Árangur félags- og heilbrigðisþjónustu byggist á rannsóknum þar sem er leitast við að finna og þróa nýjar lausnir. Brýnt er að stjórnvöld, almenningur og hagsmunaaðilar hafi gott aðgengi að gögnum og geti fylgst með þróun og breytingum í samfélaginu. Með formennskuverkefninu *Norræna velferðarvaktin* (sjá nánar á bls. 38) munu Íslendingar leggja sitt af mörkum til að skapa og tryggja aðgengi að slíkum upplýsingum. Einnig skiptir stöðugt umbótastarf og gæðapróun miklu máli þegar kemur að því að bæta þjónustu og úrræði sem í boði eru. Leggja þarf mat á gæði og árangur aðgerða og þjónustu með reglulegu millibili og efla samráð og samvinnu norrænna sérfræðinga. Málefni mænuskaddaðra verða til umfjöllunar á formennskuárinu og skoðað verður hvernig má efla samstarf Norðurlanda um bættu meðferð við mænuskada.

Íslendingar munu leggja áherslu á mikilvægi heilbrigðs lífsstíls fyrir heilsu og vellíðan. Sjónum verður beint að neikvæðum afleiðingum slæmra lífnáðarháttanna, til dæmis ofþyngdar og neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuegja. Ísland mun beita sér fyrir auknu samstarfi Norðurlanda á sviði lyfjamála en nauðsynlegt er að bregðast við og koma í veg fyrir of- og misnotkun ákveðinna lyfja sem er vaxandi vandamál alls staðar á Norðurlöndum og kostnaðarsamt fyrir samfélögin.

Íslendingar vilja stuðla að aukinni samvinnu Norðurlanda á sviði velferðartækni. Þannig geta Norðurlönd í sameiningu lagt fram hugmyndir að lausnum sem geta viðhaldið eða aukið gæði og öryggi í félags- og



heilbrigðisþjónustu. Þá hafa Norðurlönd ákveðið að auka samvinnu í klínískum rannsóknum. Í því sambandi er mikilvægt að koma á umræðu um hvernig megi einfalda og samræma ýmsa þætti varðandi gerð rannsóknaráætlana og umsóknir til siða- og persónuverndarnefnda.

Á formennskuári verður sérstaklega hugað að málefnum barna og fjölskyldna. Vellíðan barna og gott samspil milli samfélags og fjölskyldu ýtir undir þátttöku og leggur grunn að heilbrigðri og farsælli samfélagsþróun.

Þátttaka í atvinnulífi er forsenda vellíðanar og jafnframt einn af hornsteinum norrænu velferðarsamfélaganna. Efnahagskreppur undanfarinna ára hafa dregið úr möguleikum fólks með skerta færni á þátttöku í atvinnulífi. Mikilvægt er að sporna gegn atvinnuleysi ungs fólks og þeirra sem minna mega sín. Langtímaatvinnuleysi og samspil mennta- og vinnumarkaðsmála verður í brennidepli á formennskuári Íslands.

Stjórnvöld á Norðurlöndum hafa varpað fram þeirri spurningu hvort skortur á öflugri tengingu milli hins hefðbundna skólakerfis og atvinnulífsins leiði til þess að ungt fólk fái ekki reynslu og innsýn í almenn störf í fyrirtækjum sem er mikilvægur hluti af þroskaferli hvers einstaklings. Munu Íslendingar fylgja eftir frumkvæði Svía um eflingu vinnustaðanáms og tengsla þess við atvinnulíf og skóla. Sjónum verður beint að þróun skólakerfisins og möguleikum á að tengja það betur atvinnulífi með það að leiðarljósi að ungt fólk hljóti starfsþjálfun í fyrirtækjum sem hluta af námi. Leitað verður leiða til þess að efla möguleika atvinnuleitenda á starfsþjálfun þannig að starfsþjálfun innan fyrirtækja geti orðið hluti af starfsleitaráætlunum. Lögð er áhersla á að yfirvöld menntamála og vinnumála sameinist í umræðu um þessi mál. Brýnt er að þróun í menntamálum haldist í hendur við þróun samfélags og atvinnulífs þannig að hvert styðji annað og stuðli að víðtækri þátttöku.

Íslendingar vilja stuðla að því að sem flestir hafi möguleika á að vera á vinnumarkaði á eigin forsendum. Störf þurfa að vera fjölbreytt og koma til móts við þarfir einstaklinga þannig að hver og einn geti fundið verkefni og vinnu við hæfi. Vinnuumhverfi þarf að vera öruggt og heilsusamlegt og í samræmi við líkamlega og andlega færni starfsmanna í gegnum æviferilinn en um leið göfgandi og hvetjandi. Þetta kallar á sveigjanlegan vinnumarkað sem getur aðlagast mismunandi getu einstaklinga. Einnig þarf með virkri endurhæfingu að stuðla að því að fólk snúi aftur til starfa verði það fyrir heilsutjóni vegna sjúkdóma og slysa. Hvetjandi vinnuumhverfi og virkt stoðkerfi stuðla að betri heilsu og gera fólki kleift að vera á vinnumarkaði sem lengst.

Norðurlönd hafa staðið sig einna best í að tryggja jafnrétti kynjanna og hafa löndin lært margt hvert af öðru. Á formennskuári Íslands verður sjónum beint að stöðu og jafnrétti á vinnumarkaði, kynskiptum vinnumarkaði og leiðum til að samræma fjölskyldulíf og atvinnu. Sérstök áhersla verður á verkefni og umræður um launajafnrétti. Einnig verður þátttaka karla í jafnréttismálum, aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi og samstarf um jafnréttismál á Vestur-Norðurlöndum í brennidepli á formennskuárinu. Ísland hefur ætíð lagt áherslu á málefni Vestur-Norðurlanda og strjálbýlla samfélaga í norrænu samstarfi. Í því samstarfi verður lögð áhersla á samhengi jafnréttis kynjanna, fjölskyldulífs og jafnréttis á vinnumarkaði. Umræður um málefni norðurslóða hafa að miklu leyti snúist um auðlinda-nýtingu og afleiðingar umhverfisbreytinga fyrir náttúru og mannlíf á norðurslóðum. Ekki er síður þörf á að beina sjónum að stöðu kynjanna og því hvaða áhrif þær umhverfis- og samfélagsbreytingar sem hafa átt sér stað og eru fram undan muni hafa á kynin hvort um sig.

Öll löndin undirbúa innleiðingu á samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Undanfarið hefur athygli ekki síst beinst að áhrifum ofbeldis og kynferðisofbeldis á börn. Unnið er að norrænu verkefni um samræmt áhættumat varðandi heimilisofbeldi. Mikilvægt er að miðla þekkingu um árangursríkar aðgerðir og hvar frekari vinnu er þörf.

Þegar tekist er á við ný viðfangsefni á sviði velferðar þurfa margir aðilar að koma að málum. Ísland mun á formennskuárinu leggja áherslu á samráð, samvinnu og samþættingu úrræða þvert á stofnanir og stjórnsýslustig.

VERKEFNI

- Farið verður yfir stöðu norrænna samvinnuverkefna, stofnana og nefnda sem starfa á sviði félags- og heilbrigðismála og gildi þeirra fyrir Norðurlönd.
- Unnið verður að því að þróa skráningu í velferðarþjónustu.
- Efnt verður til ráðstefnu um fjölskyldur, velferð barna og fjölskyldustefnur á Norðurlöndum.
- Efnt verður til umræðu um mikilvægi almannaheillasamtaka fyrir norræna velferð.
- Efnt verður til aukins samráðs milli Norðurlanda um forvarnir og nýjar leiðir til að bregðast við afleiðingum slæmra lífnaðarhátta.
- Norrænir og alþjóðlegir sérfræðingar á sviði mænuskaða munu koma saman og meta árangur meðferðar við mænuskaða.
- Samstarf Norðurlanda í lyfjamálum verður eftt.
- Farið verður yfir reynslu Norðurlanda af samþættingu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu.
- Haldið verður áfram með samvinnu innan Nordic Trial Alliance.
- Efnt verður til ráðstefnu um vinnumarkað, vinnuvernd í gegnum æviferilinn og starfsendurhæfingu með aðkomu sérfræðinga í starfsendurhæfingu, vinnumarkaðs- og vinnuverndarmálum.
- Haldin verður ráðstefna um starfsþjálfun sem hluta af hefðbundnu námi í samvinnu ráðherranefnda vinnu- og menntamála.
- Í tilefni 60 ára afmælis norræns samstarfs í vinnumarkaðsmálum verður haldin ráðstefna um vinnumál í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins á Norðurlöndum.
- Kvennaráðstefnan Nordisk Forum verður haldin í Malmö. Ráðstefnan er á vegum frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndum.

- Rannsóknarverkefni *Hlutastörf, kyn og efnahagslegur ávinningur* lýkur á haustmánuðum 2014 með ráðstefnu.
- Haldin verður ráðstefna um stöðu kynjanna á norðurslóðum og aðkomu þeirra að stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum er varða samfélags- og hagþróun.
- Haldin verður ráðstefna í Færeyjum um markmið og leiðir í jafnréttismálum.
- Haldin verður ráðstefna um karlarannsóknir og jafnrétti.
- Haldin verður ráðstefna um aðgerðir til að draga úr kynbundnu ofbeldi þar sem fjallað verður um farsælar aðgerðir á Norðurlöndum.
- Efnt verður til ráðstefnu um árangur og framtíðarmarkmið Norðurlanda í jafnréttismálum í tilefni 40 ára afmælis jafnréttissamstarfs Norðurlanda. Samhliða ráðstefnunni verður fundur jafnréttisráðherra Norðurlanda og Eistlands, Lettlands og Litháens.

Markmið:

- Að rannsaka áhrif fjármálaþrenginga og tengdra afleiðinga á norrænu velferðarkerfin.
- Að stuðla að upplýstri stefnumótun í velferðarmálum.
- Að draga úr áhrifum heilsutengdra vandamála á velferð og auka sjálfbærni norrænu velferðarkerfanna.

Norræna velferðarvaktin mun rannsaka afleiðingar fjármálaþrenginga á norrænu velferðarkerfin og áhrif þeirra á heilsufar, velferð og atvinnuþátttöku.

Norðurlönd hafa öll á einhverjum tímapunkti gengið í gegnum og þurft að takast á við fjármálakreppur og afleiðingar þeirra. Þessi reynsla Norðurlanda verður lögð til grundvallar rannsóknum á áhrifum aukinna efnahagslegra byrða, langvarandi álags og atvinnuleysis á andlega og líkamlega heilsu, velferð og lífsskilyrði íbúa og ákveðinna hópa fólks. Þá verða viðbrögð Norðurlanda við fjármálakreppum skoðuð, metið verður hvaða aðgerðir hafi skilað árangri og hvar megi gera betur til að fyrirbyggja neikvæðar afleiðingar af fjármálakreppum á samfélög og velferð.

Norræna velferðarvaktin miðar að því að styrkja stoðir og efla sjálfbærni norrænu velferðarkerfanna með samvinnu, rannsóknum og gagnkvæmri miðlun þeirrar reynslu og þekkingar sem til verður. Markmiðið er jafnframt að þróa lausnir og samhæfa aðgerðir til að mæta komandi áskorunum og að þróa velferðarvísa sem geta nýst við stefnumótun. Þannig má byggja upp öflugan rannsóknakjarna þar sem hægt er að sækja upplýsingar og hagnýta þekkingu sem getur nýst Norðurlöndum við stefnumótun og ákvarðanatöku í velferðarmálum eða ef svipaðar aðstæður koma upp í framtíðinni. Með því geta löndin brugðist við og reynt að draga úr neikvæðum áhrifum á velferð. Norðurlönd geta lært hvert af öðru, nýtt reynslu og þekkingu hvert annars til gagns og í sameiningu mætt komandi áskorunum, staðið vörð um og stuðlað að sjálfbærri norrænni velferð til langframa.





norden

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18
DK-1061 København K
www.norden.org



Frekari upplýsingar um
formennsku Íslands í Norrænu
ráðherranefndinni má finna á
www.norden2014.is og
www.nordic2014.com.

Utanríkisráðuneytið
Norðurlandaskrifstofa
Rauðarárstígur 25
IS-105 Reykjavík
Ísland
Sími: +354 5459900

